

# Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

6. fundur, föstudaginn 22. febrúar 2008, klukkan 9.30  
í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15.

*Mætt:* Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Elín R. Líndal, Freysteinn Sigurðsson, Guðni A. Jóhannesson, Hjörleifur B. Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Eydís Aðalbjörnsdóttir, Þorsteinn Tómasson og Þóra Ellen Þórhallsdóttir boðuðu forföll.

*Starfsmenn verkefnisstjórnar:* Hreinn Hrafnkelsson og Ingibjörg Halldórsdóttir.

## Inngangur

Formaður bauð fundarmenn velkomna. Hún skýrði frá því að Elly Katrín Guðmundsdóttir hefði látið af störfum í verkefnisstjórninni og Kristín Linda Árnadóttir nýr forstjóri Umhverfisstofnunar hefði verið skipuð í hennar stað samkvæmt tilnefningu Umhverfisstofnunar.

## 1. Greinargerðir um framvindu þeirra verkefna sem Náttúrufræðistofnun Íslands er að vinna fyrir verkefnisstjórn

Náttúrufræðistofnun Íslands er að vinna tvö verkefni fyrir verkefnisstjórnina á grundvelli samninga frá 12. apríl 2007 um ráðgjöf og öflun gagna um náttúruafur og verndargildi háhitasvæða, en bæði verkefni eru hluti af undirbúningi fyrir flokkun háhitasvæða eftir verndargildi.

**Ásrún Elmarsdóttir**, líffræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, fór yfir stöðu og framvindu þess verkefnis sem hún er að vinna um gróðurfar og annað lífríki á háhitasvæðum. Hún sagði að tekist hefði að halda áætlun í verkefninu og sumarið 2008 yrði nýtt til að ljúka gagnaöflun, en þar væri eftir vinna í Vonarskarði og á Torfajökulssvæðinu. Veturinn 2008-2009 verður unnið úr gögnum og þau dregin saman í skýrslu, þar sem m.a. verða tillögur að flokkun háhitasvæða eftir verndargildi. Gert væri ráð fyrir að lokaskýrslan yrði tilbúin snemma sumars 2009.

**Kristján Jónasson**, jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, fór yfir stöðu og framvindu þess verkefnis sem hann er að vinna um verndargildi jarðminja á háhitasvæðum. Hann sagði að sú vinna væri styttra á veg komin en vinnan um lífríki á háhitasvæðum. Tekist hefði að mestu leyti að halda áætlun um vettvangskannanir á háhitasvæðum og stefnt væri að því að ljúka þeim sumarið 2008. Lítið hefði hins vegar unnist á láglendissvæðum árið 2007, en stefnt væri að kanna þau á vor- og haustmánuðum 2008. Unnið yrði úr gögnum veturinn 2008-2009 og stefnt væri að því að lokaskýrslan, sem myndi m.a. innihalda mat á verndargildi jarðminja á háhitasvæðum, yrði tilbúin um mitt ár 2009.

Bæði Ásrún og Kristján dreifðu stuttum greinargerðum þar sem farið var yfir framvindu og stöðu verkefnanna og vinnuna framundan.

## 2. Faghópar

Á síðasta fundi var samþykkt að fela formanni og Stefáni Arnórssyni að vinna með Orkustofnun að stofnun sérstaks sjálfbærnihóps. Formaður skýrði frá því að hún og Stefán væru búin að eiga tvo fundi með Orkustofnun um skipun hópsins og efni erindisbréfs, en ekki hefði enn náðst endanleg niðurstaða í þeim málum. Lagt hefði verið til að eftirfarandi aðilar ættu sæti í hópnum:

Árni Gunnarsson, Landsvirkjun, Grímur Björnsson, Orkuveitu Reykjavíkur, Guðni Axelsson ÍSOR, Jónas Ketilsson, Orkustofnun, Axel Björnsson, Háskólanum á Akureyri, Kristján

Sæmundsson, ÍSOR og Árný Sveinbjörnsdóttir, Háskóla Íslands. Að auki yrði væntanlega í hópnum hagfræðingur á auðlindasviði.

Gert væri ráð fyrir að lokaskýrsla hópsins yrði einnig þýdd á ensku til að hægt væri að fá álit erlendra sérfræðinga á vinnubrögðum og niðurstöðum skýrslunnar.

Varðandi aðra faghópa þá hafði formaður sett fram til umræðu og umhugsunar spurningu um það hvort stofna ætti faghópa til að skoða afturkræfni, sem og orkukosti í smærri vatnsföllum og á láglandi. Hún sagði að ef til vill væri þó ekki þörf á slíkum hópum í bili og benti á að fyrri verkefnisstjórn hefði talið nægilegt að láta gera afrennsliskort. Fram kom í umræðum að væntanlega yrði nær ómögulegt að skoða alla orkukosti í smærri vatnsföllum og á láglandi, m.a. vegna skorts á tíma og mannafla. Bent var á að hugsanlega væri heppilegra að setja frekar reglur um hvernig ætti að virkja á slíkum stöðum og mætti ef til vill líta til vinnu á vettvangi IHA (International Hydropower Association) um sjálfbærni vatnsaflsvirkjana.

Bent var á það að gera þyrfti framvindu- og tímaáætlanir fyrir faghópa og einstök verkefni til að tryggja að niðurstöður þeirra lægju fyrir tímanlega. Það væri hins vegar ljóst að verkefnisstjórnin gæti væntanlega ekki skilað lokaskýrslu sinni á réttum tíma, þ.e. fyrir 1. júlí 2009, m.a. með hliðsjón af því að Náttúrufræðistofnun myndi líklega ekki skila sínum skýrslum um lífríki og jarðminjar á háhitasvæðum fyrr en sumarið 2009. Gera þyrfti ráð fyrir að verkefnisstjórnin þyrfti talsverðan tíma til að kynna sér niðurstöður þeirra skýrslna, sem og niðurstöður annarra rannsókna, til að meta hvernig þær yrðu settar fram í lokaskýrslu verkefnisstjórnar. Formaður skýrði frá því að hún hefði þegar gert iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra grein fyrir því að lengri tíma þyrfti til að klára verkefnið.

### **3. Landslag háhitasvæða**

Formaður rifjaði upp að fyrri verkefnisstjórn hefði sett á laggirnar sérstakan landslagshóp, sem skilað hefði tillögum og rannsóknaráætlunum. Verkefni hópsins var annars vegar flokkun á landslagi (sem kynnt var fyrir verkefnisstjórn á fundi 19. október 2007) og hins vegar mat á landslagi. Seinna verkefnið, mat á landslagi, var umdeildara og sagðist formaður líta svo á að verkefnisstjórnin hefði ákveðið að fara ekki í það verkefni.

Hins vegar hefði verið áhugi fyrir því að skoða frekar og flokka landslag háhitasvæða og sagðist formaður því hafa leitað til Þorvarðar Árnasonar um að hann ynni rannsóknar- og kostnaðaráætlun vegna þess verkefnis. Þorvarður hefði þegar unnið drög að slíkri áætlun og var hún send til verkefnisstjórnar með tölvupósti 20. febrúar 2008 (sjá einnig fundargögn).

Samþykkt var að veita formanni umboð til að semja við Þorvarð um að hann taki að sér að láta vinna það verkefni á grundvelli rannsóknar- og kostnaðaráætlunarinnar, en þar er gert ráð fyrir að heildarkostnaðurinn við verkefnið verði 7,5 milljónir kr. og lokaskýrsla liggi fyrir í síðasta lagi í apríl 2009.

### **4. Fjárhagsáætlun 2008**

Rætt var um verk- og kostnaðaráætlun næstu tveggja ára (nýjasta útgáfa áætlunarinnar fylgdi með fundargögnum). Formaður lagði áherslu á að þessi áætlun væri í stöðugri vinnslu og uppfærslu.

Formaður sagði að taka þyrfti afstöðu til rannsóknaráætlunar Kristínar Huldar um verndargildi fornleifa á háhitasvæðum (sem send var til verkefnisstjórnar með tölvupósti þann 10. janúar). Samþykkt var að veita formanni umboð til að skoða það mál nánar með Kristínu Huld.

## **5. Efni á vefinn [www.rammaáætlun.is](http://www.rammaáætlun.is)**

Eins og fram kom á síðasta fundi verkefnisstjórnar þá er búið að kaupa lénin [www.rammaáætlun.is](http://www.rammaáætlun.is) og [www.rammaaaetlun.is](http://www.rammaaaetlun.is) og þar verður sett upp heimasíða verkefnisstjórnarinnar. Rætt var um það hvaða efni ætti að setja inn á heimasíðuna og formaður dreifði blaði með hugmyndum um skýrslur og annað efni sem hugsanlega mætti setja þar inn. Heimasíðan ætti að nýtast almenningi, skólafólki og helstu hagsmunaðilum, en einnig kom fram sú tillaga að þar yrði að finna lokað svæði fyrir meðlimi verkefnisstjórnarinnar.

Ákveðið var að byrja að setja inn efni á heimasíðuna fyrir næsta fund, m.a. almennar upplýsingar um rammaáætlunina, skipan og hlutverk verkefnisstjórnarinnar og helstu skýrslur sem unnar hefðu verið fyrir fyrri verkefnisstjórnir. Verkefnisstjórnin gæti síðan í framhaldinu metið hvaða breytingar væri æskilegt að gera á heimasíðunni.

## **6. Erindi sem borist hafa**

Formaður greindi frá því að hún hefði fengið tölvupóst frá Edward H. Huijbens, forstöðumanni Ferðamálasets Íslands, þar sem hann bauð fram krafta Ferðamálasetsins við að meta áhrif virkjanaframvæmda á ferðaþjónustu og útivist (tölvupósturinn fylgdi með fundargögnum). Í tölvupóstinum kom fram að Ferðamálasetrið, sem er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum, hefði unnið skýrslur um mat á áhrifum virkjunarframkvæmda á ferðaþjónustu og útivist, nú síðast á Þeistareykjum og við Hagavatn sunnan Langjökuls.

Formaður greindi einnig frá því að hún hefði átt fund með Birni S. Stefánssyni, þar sem hann hefði kynnt fyrir henni vinnu sína við að þróa aðferð til að taka ákvarðanir, svokallað sjóðval.

## **7. Næsti fundur**

Næsti fundur verður föstudaginn 11. apríl, en þá verður farið í vettvangsferð um Reykjanes. Gert er ráð fyrir að vettvangsferðin standi yfir allan daginn.

Fundi slitið kl. 11.30.